

59
28. jan. Vextir af bréfum þessum skulu vera 4,5% á ári. Þau skulu gefin út í einum flokki og skulu innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðra vaxta- og innlausnargreiðslna, samkvæmt útdrætti, er notarius publicus í Reykjavík framkvæmir, þannig að öll bréfin séu innleyst á 40 árum.

2. gr.

Skuldabréf þau, sem Kreppulánasjóður hefir látið af hendi við gildistöku laga þessara, mynda sérflokk, og gilda fyrir hann ákvæði 2. gr. laga nr. 78 frá 1933, um Kreppulánasjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

60
28. jan.

L Ö G

um lán úr byggingarsjóði handa Byggingarfélagi Reykjavíkur,
samvinnuhlutafélag í liquidation.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Úr byggingarsjóði Reykjavíkur skal, svo fljótt sem fé er fyrir hendi í sjóðnum og stjórn byggingarsjóðs telur fært, veita lán til Byggingarfélags Reykjavíkur, samvinnuhlutafélags í liquidation, er samsvari að upphæð skuldum félagsins. Lánið veitist affallalaust, og ávaxtist það og endurborgist með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár. Lánið skal tryggt með veðrétti í húseignum félagsins, og þar að auki með ábyrgð

Reykjavíkurborg, þangað til lánið er borgað svo niður, að fasteignatryggingin fullnægi ákvæðum 3. gr. laganna að dómi stjórnar byggingarsjóðs. 60
28. jan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl.

61
28. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

6. gr. laganna orðist svo:

Allt smjörliki, sem framleitt er hér á landi, skal bæta með A- og D-fjörefnum á þann hátt, sem fyrir verður mælt af ráðherra, að fengnum tillögum rannsóknarstofu háskólans, og ekki á annan hátt.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tillögum mjólkursölunefndar, ákveðið, að í öllu smjörliki, sem framleitt er hér á landi, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Skytt er að blanda erlent smjörliki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörliki á sama tíma. Skal sú blöndun fara fram hér á landi og undir sama eftirliti sem íslenzku smjörlikisgerðirnar eru háðar. Áður en ráðherra hefir fyrirskipað með auglýsingu um blöndun smjörlikis með smjöri, má ekki verzla með smjörliki blandað smjöri, og eftir að slík auglýsing hefir verið birt, má ekki verzla með smjörliki blandað smjöri í öðrum hlutföllum né á annan hátt en fyrir er mælt í auglýsingu.